

REGLUR

um skoðun á opnum bátum.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Opnir róðrarbátar og búnaður þeirra. Þegar skoðaðir eru opnir bátar, skal þess gætt, að báturinn sé vatnsheldur og vel traustur, að stýrið sé traust og svo um það búið, að það geti ekki hrokkið upp af þótt öldugangur sé, að bátnum fylgi traustar árar og að minnsta kosti tvær vara-árar, að ræðin séu traust og hentug og sömuleiðis sigla og segl, sé það haft.

Hver bátur skal hafa nægilega mörg austurtrog eftir stærð sinni. Ennfremur göðan kompás, ljósker, bárufleyg, stjóra og streng og vatnskút hæfilega stóran.

2. gr.

Opnir vélbátar sem stunda fiskveiðar. Þegar skoðaður er opinn vélbátur, sem stundar fiskveiðar, skal þess gætt, að báturinn sé vatnsheldur og traustur. Stýrið skal vera traust og svo um það búið, að það geti ekki hrokkið upp af þótt öldugangur sé. Þess skal ennfremur gætt að seyming sé í góðu lagi og að ekki sé fúi í bátnum.

Undirbygging vélarinnar skal vera traust og vel til hennar vandað. Frá stefnisþípuni skal tryggilega gengið og þess gætt að afturstefnið sé hæfilega þykkt, svo það veikist ekki við gegnumborun fyrir stefnisþípuni. Óskert efni utan við stefnisþipuna má hvergi vera minna en 1½ sinnum súðarþykktin.

3. gr.

Vélinni skal tryggilega komið fyrir í bátnum, og svo um hana búið, að vatn geti ekki orsakað gangtruflun. Húsið yfir vélinni skal gert vatnshelt, verði því við komið. Fram- og afturþil vélarhússins skal svo útbúið, að sjór geti ekki komið til vélarinnar fljótara en svo, að austurdælan á vélinni hafi við að dæla, svo að austurinn geti ekki orsakað gangtruflun. Sé op á framhliðinni vegna gangsetnings-sveifarinnar skal því fljót- og auðlokað, t. d. með dragloku.

Undir kasthjólí vélarinnar skal vera kassi, sem varnar austrinum að ná til þess.

4. gr.

Frá eldsneytisgeyminum skal tryggilega gengið. Á honum eða við hann, á eldsneytisþípuni, skal vera gruggskál, með síu í og krana á botni, svo að unnt sé að hleypa vatni úr henni. Sé benzín notað til gangsetningar á vélinni, eða til eldsneytis, má ekki geyma það í vélarrúminu.

Frá botnkrananum skal vel gengið og hann festur á bátshliðina með gegnreknum skrúfboltum, eða á annan öruggan hátt.

Frá útblásturþípuni skal svo gengið, að ekki stafi frá henni brunahætta. Liggi útblásturþípan með skipshliðinni, og nái aftur úr bátnum, skal hún einangruð þar sem hún liggur nærri tré, sé hún ekki vatnskæld.

5. gr.

Opinn vélbátur, sem er 3 rúmlestir brúttó, eða stærri, skal vera með fleytigögnum, (loftkössum), hæfilega stórum til að halda bátnum á floti, þótt hann fyllist af sjó. Skulu fleytigögnin vera úr kopar, eir eða galvaniseruðu járnei (zink má

ekki nota) og má telja að einn rúmmetri beri sem næst 900 kg. Þykkt efnisins má ekki vera undir 0,6 mm. **109**

17. sept.

6. gr.

Opnir vélbátar skulu hafa: Siglu og segl, hæfilega stór, 2 árar, 3 ræði, vökva-kompás, þokulúður, samsett ljósker (rautt og grænt) og hvítt ljósker svo sem einum metra ofar, eina skjólu, eina eða tvær handdælur, eftir því hvernig vélar-rúminu er komið fyrir, báruflæg með 4 lítrum af smurningsolíu, eða annan full-gildan útbúnað til að lægja með brotsjóí, vatnskút, bátsfesti, meðalakistu nr. 1, stjóra hæfilega þungan og að minnsta kosti 30 faðma langan kaðal með nálægt 3 faðma keðju við endann. Lengd kaðalsins skal valin með tilliti til dýpisins á því svæði sem bátnum er ætlað að vera á.

Á bátnum skal vera málað nafn hans, heimilisfang, umdæmisbókstafir og -tölur. Allir fiskibátar eiga að hafa mælingarbréf og fiskveiðaskirteini.

7. gr.

Opnir farþega- og flutningabátar skulu fullnægja framangreindum ákvæðum um opna vélbáta, er stunda fiskveiðar, að því er snertir styrkleika bátsins og fyrir-komulag, eftir þeim ferðum, sem bátnum er ætlað að vera í, hvort heldur það er milli skips og lands, í innfjarðarsiglingu eða á vötnum. **Opnir farþega- og vöruflutningabátar.**

Útbúnaður opinna farþega- og vöruflutningabáta skal vera sem hér greinir: 2 árar, 3 ræði, samsett ljósker (rautt og grænt) og hvítt ljós einum metra ofar, 2 skjólur eða 2 austurtrog, handdæla, bátsfesti hæfilega gild og löng, stjóri með 3 faðma keðju og streng ekki styttri en 30 faðmar.

Sé báturinn yfirbyggður, eða hafi ekki siglu né segl og verði heldur ekki róíð, skal hann auk greinds útbúnaðar hafa slökkvitæki og 2 varahlöð, 6 flugelda, 6 rauð blys, hvorttveggja í vatnsheldum kassa, hjarghring með bandi í, þokulúður, krókstjaka og meðalakistu nr. 1.

Ennfremur skulu vera nauðsynleg handrið, og séu farþegar í lokuðu skýli, skal það vel lýst og loftræst.

Farþega- og vöruflutningabátar skulu hafa mælingarbréf.

8. gr.

Opinn vélbátur skal hafa þessi verkfæri og varahluti:

Hamar, 2 skiptilykla, töng, þjöl, meitil, 1 mótorkerti, sé benzínmótor í bátnum, en einn glóðarhaus eða kúlu sé það steinoliumótor, einangrunarband og hæfilega mikið af þétti (pakning).

Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 1938 og koma í stað 91. gr. tilskipunar nr. 43 frá 20. nóvember 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra. Birtast þær hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.